Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
15. apríl 2010
15. tbl. · 27. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA

Vantar þig íbúð til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600

BÍLAVERKSTÆÐI SB

Sindragötu 3 • S: 456 3033 • Ísafirði

Hjólbarðaverkstæði SB
Umfelganir • Dekkjaviðgerðir
Sumardekkin eru komin!

Bílaverkstæði SB
Munið hraðþjónustuna!
Smurning,
bremsuklossaskipti,
peruskipti,
þurrkublaðaskipti,
varahlutasala

# Ekki horfinn úr íslenskri pólitík

**„Ég er í stjórnmálum og ef menn vilja að ég fari í framboð einhvern tíma og ég hef heilsu og vilja, þá getur vel verið að ég geri það. Ég er allavega ekki búinn að taka neina ákvörðun um það að ég sé horfinn út úr íslenskri pólitík," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, fráfarandi formaður Frjálslynda flokksins, í viðtali í opnu blaðsins. Guðjón fer yfir ferilinn, árin í Frjálslynda flokknum, átökin innan flokksins og segir frá starfi sínu á nýjum vettvangi.**

# Umhverfisráðherra samþykkir aðalskipulag Ísafjarðarbæjar

Umhverfisráðherra hefur samþykkt aðalskipulag Ísafjarðarbæjar fyrir tímabilið 2008-2020. Vinna við gerð aðalskipulagsins hófst vorið 2006 en þá samdi sveitarfélagið Ísafjarðarbær við Teiknistofuna Eik um ráðgjöf í verkefninu. Stefnumörkunin var unnin annars vegar af nefndum Ísafjarðarbæjar og hins vegar af skipulagshópum sem skipaðir voru fulltrúum hagsmunaaðila. Aðalskipulagið ásamt umhverfisskýrslu tekur til alls lands sveitarfélagsins, frá Langanesi í suðri til Geirólfsnúps í norðri. Er það fyrsta aðalskipulagið sem tekur til alls lands sveitarfélagsins. Eldra skipulag náði að mestu aðeins til þéttbýlis.

Í aðalskipulaginu kennir ýmissa grasa. Þar er til að mynda miðað að því að bæta afhendingaröryggi raforku og draga verulega úr straumleysi, auka möguleika á að mæta aukinni orkuþörf og stuðla að aukinni orkunýtni. Þar segir einnig að bættar samgöngur, aukinn fjöldi fagfólks samhliða þróun nýrra atvinnutækifæra í Ísafjarðarbæ og styrkingu þeirra atvinnugreina sem nú þegar eru á svæðinu séu forsendur fyrir jákvæðri uppbyggingu.

*– thelma@bb.is*

**Vinna við gerð aðalskipulagsins hefur staðið yfir frá árinu 2006.**

# Skemmtilegasta ballið til þessa

**„Þetta verður skemmtilegasta grímuballið til þessa," segir Guðjón Már Þorsteinsson, einn skipuleggjanda árlegs grímuballs Ísfólksins, stuðningsfólks Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar en það verður haldið í tólfta sinn á laugardagskvöld. Að þessu sinni mun Páll Óskar, diskókóngur Íslands, halda uppi stuðinu. „Það verður engu til sparað til að gera kvöldið sem glæsilegast. Við höfum t.d. leigt diskóbúr með ljósum og látum í anda níunda áratugarins. Palli ætlar að vera í þvílíkum búning og ég get ekki beðið eftir ballinu," segir Guðjón. Grímudansleiknum vex ásmegin með hverju árinu og er greinilegt að sífellt meira er lagt undir til að gera búninga sem besta úr garði en undanfarin ár hafa ballgestir nær eingöngu mætt í heimatilbúnum búningnum en síðustu ár hafa um 200 manns sótt ballið. Á grímuballinu fer fram sem endranær kosning um flottasta búninginn. Ballið verður haldið í Krúsinni á Ísafirði. Allur ágóði ballsins fer sem endranær til styrktar barnastarfs KFÍ.**

**Páll Óskar skemmtir á grímuballinu.**

# Vilja Reykjavíkurflugvöll áfram í Vatnsmýrinni

Bæjarráð Bolungarvíkur telur að núverandi staðsetning Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni sé sú staðsetning sem sé heppilegust fyrir flugvöllinn sjálfan sem og flugið sjálft, hvort sem um er að ræða farþega- eða sjúkraflug. Í fundarbókun er tekið undir svohljóðandi álit Félags íslenskra atvinnuflugmanna, m.a. með þeim rökum sem FÍA færir fyrir máli sínu í umsögn sinni til Samráðsnefndar um úttekt á Reykjavíkurflugvelli, ennfremur í umsögn Öryggisnefndar FÍA til sömu nefndar og áliti fagaðila á lendingarsvæði fyrir þyrlur í sjúkraflugi. Bæjarráð hvetur ennfremur samgönguyfirvöld til að hefja nú þegar byggingu nýrrar samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni til að bæta aðbúnað við farþega svo íbúar landsins megi búa við sem bestar flugsamgöngur til og frá höfuðborginni.

Um árafjöld hefur staðið styr um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar. Heyrst hafa raddir um að óhentugt sé að fljúga yfir borg og að það geti skapað slysahættu. Þá sé hægt að nýta svæðið undir flugvellinum fyrir íbúabyggð. Þeir sem vilja óbreytta staðsetningu flugvallarins segja hins vegar að um ókomin ár myndi Reykjavík sem höfuðborg tapa sérstöðu sinni án flugvallarins í Vatnsmýrinni, þar sem borgin væri ekki þjónustu sem landsbyggðin þarf á að halda. Þá sé þörf á flugvelli á þessum stað vegna sjúkraflugs.

Flug á Íslandi hófst í Vatnsmýrinni þann 3. september 1919 með flugtaki fyrstu flugvélar á Íslandi. Fram til ársins 1937 voru gerðar frekari tilraunir með flugrekstur í Vatnsmýrinni. Árið 1938 hófst á Íslandi samfellt atvinnuflug eftir stofnun Flugfélags Íslands (nr. 3) á Akureyri. Áætlunarflug frá Reykjavíkurflugvelli hófst í mars 1940 þegar Flugfélag Íslands flutti bækistöðvar sínar frá Akureyri til Reykjavíkur.

# Snigiltankar reynast vel

Ísfirska fyrirtækið 3X Technology hefur hannað og sett upp blóðgunar- og kælibúnað í átta skipum á undanförnum árum þ.a. fjórum innlendum og fjórum erlendum þar sem notast er við svokallaða snigiltanka en þeir eru notaðir til að tryggja rétta meðhöndlun um borð. Þessi skip eru að öllum stærðum og gerðum en þarna er um að ræða línubáta, netabáta og togbáta sem eru gerð út til veiða á ýmsum tegundum fiskjar, má þar nefna þorsk, ýsu, og steinbít ásamt meðafla af ýmsum tegundum. „Svo virðist sem augu útgerðarmanna séu að opnast fyrir því að gæði verða ekki tryggð nema rétt meðhöndlun eigi sér stað frá upphafi veiða. Það er samdóma álit þeirra er taka við hráefni af þessum skipum til vinnslu að þeir hafi ekki séð blæfallegri fisk," segir í tilkynningu frá 3x Technology á vefsíðu fyrirtækisins en þar er vísað til greina sem skrifaðar hafa verið að undanförnu í blöð er fjalla um sjávarútvegsmál.

„Þeir sem vinna aflann eru einnig sammála um að blóðgunartíminn sem er stýrður í okkar kerfum og því alltaf sá sami, sé lykilatriði auk þess sem rétta kælingin og kælitími sem einnig er stýrt, sé einnig meginatriði en með réttri kælingu er hægt að stjórna ferli dauðastirðnunar og vinna aflann þegar hann er í bestu ástandi til þess sem tryggir minna los og betri nýtingu. Nú virðist loks sem framsýnir útgerðarmenn sem sjá virði í bættum gæðum alla leið séu að vakna til lífsins enda hefur reynsla og viðbrögð kaupenda af þessum kerfum verið með því móti að hún getur ekki farið fram hjá þeim sem fylgjast með umræðu um bætt gæði og aukið virði sjávarfangs," segir á vef 3x Technology.

*– kristjan@bb.is*

**Krapaker frá 3X Technology.**

Samkaup úrval góðir grannar

Sjá uppskriftir á **samkaupurval.is**

Sparnaðartilboð helgarinnar **15. - 18. apríl**

# Perur á 50% afslætti!

*Vissir þú?*

Að perur eru góðir kalíum gjafar?

Steinefnið kalíum heldur blóðþrýstingnum og vökvamagni í jafnvægi, stuðlar að réttri virkni vöðva og að frumur líkamans starfi rétt.

~~349~~ **175** kr./pk.

**Svínaskankar á 50% afslætti!**

~~398~~ **199** kr./kg

**Svínarif á 43% afslætti!**

~~698~~ **398** kr./kg

30% afsláttur

~~2.842~~ **1.989** kr./kg Grill lambakótilettur

ferskar eða BBQ, frá **Kjötseli**

40% afsláttur

~~2.498~~ **1.499** kr./kg Svínalundir

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Góð kaup!

**455** kr./pk. Íspinnar frá Kjörís

vanillu, 10 stk.

30% afsláttur

~~2.842~~ **1.989** kr./kg Grill lambalæris-

sneiðar, frá **Kjötseli**

34% afsláttur

~~1.498~~ **989** kr./kg Svínahnakki

úr kjötborði eða pakkaður ferskur

30% afsláttur

~~1.198~~ **839** kr./kg Grill pylsur

frá **Kjötseli**

30% afsláttur

~~1.598~~ **1.119** kr./kg Grill hamborgarar

90g, 10 stk, frystir frá **Kjötseli**

25% afsláttur

~~798~~ **599** kr./kg Svínasíða

úr kjötborði eða pökkuð fersk

26% afsláttur

~~769~~ **569** kr./pk. BBQ leggir

magnpoki, frá **Ísfugli**

P&Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá öll tilboð á **samkaupurval.is**

# Dagný Íslands-meistari

Bolvíkingurinn Dagný Ólöf Jónsdóttir er fyrsti Íslandsmeistarinn í Pole fitness en fyrsta landskeppnin í þessari íþrótt var haldin í Egilshöll í Reykjavík á dögunum. Dagný hefur aðeins æft Pole fitness í sex mánuði og er því árangur hennar enn glæsilegri. Dagný þótt sýna erfiðar samsetningar í súlufimi ásamt skemmtilegum dansstíl og vel samsettum danssporum.

Pole Fitness er alþjóða líkamsræktarkerfi þar sem súla er notuð sem megin líkamsræktartækið. Í Pole Fitness er blandað saman styrktaræfingum og dansi þar sem styrktaræfingarnar byggjast mest upp á æfingum þar sem stuðst er við súluna.

# Sigraði á alþjóðlegu skíðamóti

Ísfirðingurinn Elín Jónsdóttir sigraði í svigi á alþjóðlegu skíðamóti sem fram fór í Hlíðarfjalli við Akureyri um síðustu helgi. Keppt var í svigi á föstudag en á sunnudag stóð til að keppa í tveimur stórsvigsmótum og einu svigmóti. Veðrið setti þó strik í reikninginn og eingöngu var keppt í stórsvigi og endaði Elín í þriðja sæti þar.

Þess má geta að Ísfirðingur hefur ekki unnið sigur á svigmóti kvenna síðna árið 1998 en þá var það Sigríður Baxter Þorláksóttir sem sigraði í svigi.

# Fjórar deildir innan Harðar

Knattspyrnufélagið Hörður á Ísafirði hélt aðalfund sinn á dögunum en þá var ný stjórn félagsins kjörin. Hana skipa Hermann Níelsson formaður, Guðný Hólmgeirsdóttir gjaldkeri og Elfar Reynisson ritari. Ksf Hörður er eina félagið innan Héraðssambands Vestfjarða sem er deildaskipt, þ.a.e.s hefur fleiri en eina deild en einnig var kjörið í stjórnir þeirra deilda.

Í stjórn glímudeildar Harðar voru kjörnir Rúnar Brynjólfsson formaður, Berglind Árnadóttir og Sigurður B. Guðbjartsson.

## Inn að beini

# Kristín Guðmundsdóttir, meistari í snyrtifræði

**Ísfirðingurinn Kristín Guðmundsdóttir er snyrtifræðingur að mennt og er um þessar mundir að opna snyrtistofu sem kallast Krisma í reykjavík. Hún hefur verið að dútla við myndlist í tæpt ár en hefur nú þegar vakið nokkra athygli. Kristín er dóttir hjónanna Ólafar Veturliðadóttur og Guðmundar Einarssonar.**

**Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?**
Að taka þá ákvörðun að hætta í yndislegu vinnunni minni og ákveða að opna mína eigin snyrtistofu....

**Hvar langar þig helst að búa?**
Þar sem ég bý núna, en myndi vilja eiga aðsetur á Tenerife.

**Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?**
Þegar ég fæddi strákana mína og giftist manninum mínum.

**Mestu vonbrigði lífs þíns?**
Að geta ekki notið þess lengur að fara í Leirufjörðinn með ömmu, afa, Stínu Ljósu, Bubba og öllu fylgdarliðinu.

**Mesta uppgötvunin í lífi þínu?**
Að ég geti stjórnað sjálf mínu lífi og hamingju..... það er enginn annar sem gerir það nema maður sjálfur.

**Uppáhaldslagið?**
Núna er það með Katie Melua Closest thing to crazy lyrics.

**Uppáhaldskvikmyndin?**
Þær eru nokkrar..... Knocked up, fyrsta myndin sem mér dettur í hug.

**Uppáhaldsbókin?**
Ísland í aldanna rás, elska að lesa um gamla daga.

**Ógleymanlegasta ferðalagið?**
Hugsanlega Tenerifestelpuferðin sem við systur, mágkonur og frænkur fórum í tilefni 60 ára afmælis mömmu.

**Uppáhaldsborgin?**
Hahahah ég er ekki veraldarvön... en ég er að fara til Stokkhólms eftir páska... hugsa að hún eigi eftir að heilla.

**Besta gjöfin?**
Ég hef fengið margar yndislegar gjafir.... en sniðugasta gjöfin sem ég hef fengið er pappírsskurðvél sem pabbi gaf mér árið 1998 sem ég hef notað óendanlega mikið. Hún var líka svona óvænt gjöf.

**Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?**
Er ekki viss, en trúi á fyrra líf.

**Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?**
Pepsi max ef það er hlutur.... hehehe.

**Fyrsta starfið?**
Fyrir utan bæjarvinnuna og barnapíustörf, þá vann ég í nokkur ár í Vöruval hjá Benna og Hauk. Þar lærði maður að vinna eins og sannur Vestfirðingur.

**Draumastarfið?**
Er að fara að vinna við draumastarfið. Er að fara að opna snyrtistofu og gallerí í Spönginni.

**Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?**
Kirsten Dunst.

**Fallegasti staðurinn á Íslandi?**
Leirufjörður.

**Skondnasta upplifun þín?**
Þegar það leið yfir brúðartertuna í brúðkaupinu mínu.

**Aðaláhugamálið?**
Mála, prjóna, hanna, bralla eitthvað svakalegt og vera með yndislegu fólki.

**Besta vefsíðan að þínu mati?**
Facebook.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?**
Búðarkona (Bisnesswomen) hehehe.

**Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?**
Ótrúlega bjartsýn.

**En helsti löstur?**
Ætla að gera allt á engum tíma.

**Besta farartækið?**
Billinn.... er flughrædd.

**Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?**
Aðfangadagur.

**Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?**
Ég lít upp til margra og á mér margar fyrirmyndir. Fólk hefur sterk áhrif á mig og getur gefið mér mikla uppörvun á mörgum sviðum.

**Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?**
Engilborg.. eftir Engilráð langalangömmu og Vagnborgu langömmu minni. Annars er ég alsæl með nafnið, enda sterk kona sem ég er skírð eftir.

**Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?**
Á kvöldin..... þá er orkan í hámarki.

**Í hvaða stjörnumerki ertu?**
Krabbi og ég er ekta krabbi.

**Lífsmottóið þitt?**
Að syngja um lífið og lofa það líka. Nýlega hef ég ákveðið að njóta lífsins á meðan maður er hérna á þessari stuttu heimsókn. Ekki bíða með hitt og þetta, við vitum aldrei hvenær heimsókninni endar.

**Frá hátíðinni.**

# Ísafirði lýst sem sjónrænu listaverki

Rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, sem haldin var í sjötta sinn á Ísafirði um páskana hefur sem fyrr vakið athygli erlendra fjölmiðla. Ekki eingöngu er það hátíðin heldur bærinn sjálfur sem vekur aðdáun hjá blaðamanni tónlistarvefsins 17dots.com. „Bærinn Ísafjörður er sjónrænt kraftaverk. Umkringdur massívum klettum sem vekja manni lotningu, hefur þorpið yfir sér blæ listaverks, skærlitað lítið byggðarlag í tröllauknu landslagi, það er einsog einhver hafi komið því þarna fyrir með byggingakrana.“ Þar segir að aðstandendur hátíðarinnar velji með stolti og þó nokkurri þrjósku heimamenn fram yfir aðra.

„Ólíkt Iceland Airwaves, fjögurra daga tónlistarhátíð sem haldin er í Reykjavík í október, fókusar Aldrei fór ég suður mest á heimamenn og óþekkt bönd. Raunar er þekktasta nafnið á dagskránni Ólöf Arnalds og það næst stærra er skipuleggjandi hátíðarinnar, tilraunakenndi rokkarinn Mugison.“ Þar segir einnig að hátíðin sé bæði heillandi og beri viljandi amatörablæ. „Eins og Mugison sagði yfir plokkfiski áður en hátíðin byrjaði. „Enginn fær sánd-tjékk, allir nota sömu tæki og búnað og það er engin yfirstjórn sem ákveður röðina á atriðinum. (og kannski til að undirstrika orð sín spilar hann sjálfur snemma á fyrra kvöldinu,“ segir á 17dots.com.

Til að mynda er farið fögrum orðum um hátíðina á vef austurrísku útvarpsstöðvarinnar FM4. Þar er m.a. ísfirska tónlistarmanninum BiggaBix hrósað og sagt að hann hafi tekið rokk og ról og umbreytt því í nokkurs konar snjóflóð. „Það er kannski klisja en fjöllin gefa manni eitthvað þegar maður er að semja tónlist. Ég myndi ekki vilja búa í Reykjavík: Ég dýrka að vera hér og einangraður,“ er haft eftir Biggabix á fm4.orf.at Biggibix hefur fjórum sinnum komið fram á hátíðinni og spyr blaðamaður hann hvað það valdi því að hann snúi alltaf aftur, fyrir utan þá staðreynd að hann búi á staðnum.

„Hér eru allir vinir og það skiptir ekki máli hvaðan þú ert eða hversu stórt númer þú ert. Enginn er að gera þetta fyrir peningana. Ég get séð ömmu mína fremst í áhorfendahópnum, ég get séð son minn. Það skiptir ekki máli hversu gamall þú ert. Maður sér þetta ekki á hátíðunum á Hróarskeldu eða Reading,“ svarar Biggi.

# Mótmælir lögskráningu allra fiskibáta

Landssamband smábátaeigenda hefur mótmælt frumvarpi um lögskráningu sem samgönguráðherra hefur nú lagt fram fyrir Alþingi öðru sinni. Sambandið hafnar alfarið breytingu á gildandi lögum og vill að fiskiskip minni en 20 brúttótonn verði áfram undanþegin lögskráningu. Á vef LS segir að ekki hafi verið haft samráð við sambandið við gerð frumvarpsins þrátt fyrir að meginefni þess sé að skylda félagsmenn þess til lögskráningar.

„Þá vekur það eftirtekt að ekki er einu orði minnst á það í frumvarpinu í hvers konar skrifræði er stefnt með því að fjölga fiskiskipum í lögskráningu um 900 - 1000 sem bætast við þau 380 sem nú falla undir lögskráningu.“ Atkvæðagreiðslu frumvarpsins hefur verið frestað en annarri umræðu um það er lokið. Verði engar breytingar gerðar í samgöngunefnd milli annarrar og þriðju umræðu verður öllum smábátaeigendum skylt að lögskrá.

„Landssamband smábátaeigenda hefur á öllum stigum umræðunnar mótmælt því harðlega að lögskráning verði látin ná til allra báta. LS telur lögskráningu vera úrelt fyrirbrigði en hefur á engum stigum málsins krafist þess að lögunum verði breytt þannig að lögskráning verði afnumin. Önnur hagsmunasamtök í sjávarútvegi hafa hins vegar sótt það afar stíft í áratugi að skylt verði að lögskrá á öll skip óháð stærð þeirra en ekki aðeins á skip 20 brt. og stærri,“ segir á vef Landssambands smábátaeigenda.

*– thelma@bb.is*

# Leikskólabörnum kennd enska

Enskukennsla er hafin hjá leikskólanum Grænagarði á Flateyri. Nadia Ashkenazy-Jones kennir elstu börnum leikskólans tungumál í gegnum söng og hreyfileika. Að sögn Barböru Ferster leikskólakennara er ætlunin að kenna börnunum að hlusta eftir öðrum málhljóðum og öðlast sjálfstraust gagnvart því að þau geti lært að tjá sig á öðrum tungumálum. „Þeim finnst þetta mjög gaman enda hafa krakkar alltaf áhuga á nýjungum. Það var nú ekki ætlunin að vera með enskukennslu en þegar ég sá hversu góð samskipti Nadiu og krakkanna voru bað ég hana um að skoða þetta,“ segir Barbara.

Nadia kennir enskuna sjálfboðavinnu og Barbara segir það ekki í fyrsta sinn að þorpsbúar leggi sitt á vogarskálarnar til að bæta menntun barnanna. „Það er svo mikið af góðu fólki sem býr hér á Flateyri og það er alveg til í að gera sitt fyrir yngstu kynslóðina. T.d. hefur þeim verið boðið upp á tónlistarkennslu sem engin greiðsla var tekin fyrir.“

**Aflaverðmæti vestfirskra skipa nam 5,8 milljörðum króna á árinu 2009.**

# Aflaverðmæti jókst um milljarð

Aflaverðmæti vestfirskra skipa nam 5,8 milljörðum króna á árinu 2009, samanborið við 4,8 milljarða króna árið 2008. Aflaverðmæti hefur því aukist um rúman einn milljarð á milli ára. Aflaverðmæti í desember 2009 nam um 523 milljónum króna en var 465 milljónir í desember 2008. Aflaverðmæti botnfisks á Vestfjörðum var 5 milljarðar króna á árinu 2009 sem er aukning um rúmar 700 milljónir frá fyrra ári þegar aflaverðmætið nam tæpum 4,3 milljörðum króna. Verðmæti þorskafla var 3,2 milljarðar króna árið 2009 og jókst um rúmar 700 milljónir 2008. Aflaverðmæti ýsu nam rúmum milljarði króna árið 2009 en var 986 milljónir árið áður.

Aflaverðmæti íslenskra skipa nam rúmum 115 milljörðum króna á árinu 2009, samanborið við 99 milljarða yfir árið áður. Aflaverðmæti hefur því aukist um tæpa 16 milljarða eða 16% á milli ára. Aflaverðmæti í desember nam 8,5 milljörðum króna en var 8 milljarðar í desember 2008. Aflaverðmæti botnfisks var 82 milljarðar króna á árinu 2009 sem er aukning um 16,9% frá fyrra ári þegar aflaverðmætið nam rúmum 70 milljörðum. Verðmæti flatfiskafla nam 9,8 milljörðum króna á árinu 2009, sem er 47,2% aukning frá fyrra ári. Verðmæti uppsjávarafla stóð nánast í stað milli ára og nam 21,4 milljörðum króna á árinu 2009.

Verðmæti afla sem seldur er í beinni sölu útgerða til vinnslu innanlands nam 42,7 milljörðum króna á árinu 2009 og jókst um 16% frá fyrra ári. Aflaverðmæti sjófrystingar jókst um 22,5% milli ára og nam 41,4 milljörðum króna. Verðmæti afla sem keyptur er á markaði til vinnslu innanlands nam 15,1 milljarði, samanborið við 13 milljarða árið áður. Verðmæti afla sem fluttur er út óunninn nam um 13,2 milljörðum, sem er 9,1% aukning frá 2008.

## Spurningin

**Varstu ánægð(ur) með Aldrei fór ég suður?**

**Alls svöruðu 450.**
**Já sögðu 376 eða 84%**
**Nei sögðu 74 eða 16%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Hæg norðlæg átt og él norðan- og austanlands, en léttir til um landið suðvestanvert. Hiti 1-5 stig sunnanlands yfir daginn en annars vægt frost. **Horfur á laugardag:** Norðan kaldi með éljum austanlands, en víða hægviðri vestantil og yfirleitt þurrt. Hiti breytist lítið. **Horfur á sunnudag:** Líklega hæg vestlæg eða breytileg átt og úrkomulítið. Hiti breytist lítið.

Ritstjórnargrein

# Hverra er ábyrgðin?

Kom myndbandið sem sýndi tilefnislausa aftöku bandarískra þyrluflugmanna á óvopnuðum borgurum í Bagdad í júlí 2007, einhverjum á óvart? Ef til vill eru svörin já og nei. Kannski eru þau bara á einn veg: NEI. Við öllu megi búast í stríði.

Já, hverju getum við átt von á þegar menn sem pískaðir hafa verið og píndir áfram (á finna máli þjálfaðir til varnar föðurlandinu) með það eitt að markmiði að verða fyrri til að skjóta, ella sjálfir drepnir, upplifa ímyndaða óvini á hverju horni, hvort heldur er í vöku eða svefni? Fyrr en síðar hlýtur eitthvað að láta undan. Af orðfæri þyrluflugmannanna verður ekki efast um veganesti þessara aumkunarverðu manna sem vita að fyrsta til síðasta boðorðs er „yes sir“ við hverri skipan yfirboðaranna. Og allt er þetta sagt tilkomið í þágu friðar og föðurlandsins!

Langt er síðan sú tíð var uppi á Íslandi að menn voru gerðir höfðinu styttri fyrir það eitt að liggja vel við höggi og fébætur reiddar fram fyrir höfuðmissinn. Enn í dag viðgengst meðal margra þjóða að ungum mönnum er heitið eilífrar sæluvistar fórni þeir lífi sínu föðurlandinu til dýrðar.

Aldrei aftur Hiroshima var sagt eftir örlagadaginn 6. ágúst 1945. Það dugði ekki til. Þremur dögum síðar Nagasaki. Fáeinar sprengjur til viðbótar og japanska þjóðin hefði þurrkast út. Sem betur fer opnuðust augu manna fyrir því hvert stefndi. Árlega er þessara hörmunga minnst. Eigi að síður ætlar okkur aldrei að lærast.

Hverra er ábyrgðin: Hermannanna, sem att er fram á blóðvöllinn; hershöfðingjanna, sem líkt og skákmeistarar tefla fram liðum sínum eftir uppteiknuðum áætlunum þar sem allt miðast við að koma óvininum í opna skjöldu; þjóðarleiðtoganna, sem ýmist hafa komist hafa til valda með lýðræðislegum hætti eða blóðugum byltingum? Hvar liggja ræturnar að öllum þeim hildarleikjum sem háðir hafa verið í gegnum aldir og gerast enn?

Bandarísku þyrluhermönnunum nægði ekki að salla niður vopnlausan fréttamann og ljósmyndara. Þeir nældu sér í fleiri prik. Miskunsami samverjinn galt þess að vera rangur maður á röngum stað og tíma.

Ef til vill verða þyrluhermennirnir dregnir fyrir rétt, dæmir og sviptir öllum þeim heiðursmerkjum fyrir vasklega framgöngu, sem þeir hugsanlega hafa áunnið sér.

Líklega verður þar við látið sitja. Eftir vakir spurningin um ábyrgð og réttlæti, orsök og afleiðingar. *s.h.*

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is,* Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is.* **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

# 20 snjóflóð féllu á Súðavíkurhlíð á sólarhring

Tuttugu snjóflóð féllu á Súðavíkurhlíð í storminum sem varð rétt eftir páska. Að sögn Guðmundar Björgvinssonar, verkstjóra hjá Vegagerðinni, var um misstór flóð að ræða. „Það stærsta var um tveir metrar á þykkt og 100 metra langt. Þetta var mjög skörp hrina af snjóflóðum.“ Algengt er að mörg snjóflóð falli í einu á hlíðinni. „Það gerist oft þegar það koma svona úrkomuskot að koma mörg snjóflóð saman,“ segir Guðmundur. Ekki var unnt að moka fyrr en veður lægði. „Það var notuð hjólaskófla, enda ekki fært fyrir önnur tæki og moksturinn,“ segir Guðmundur.

Gríðarlegt fannfergi var á veginum eftir snjóflóðahrinuna. „Það er erfitt að skjóta á hvað þetta er í rúmmetrum talið en það eru einhverjar þúsundir rúmmetrar af snjó sem féllu þarna.“

**Þúsundir rúmmetra af snjó féllu á veginn undir Súðavíkurhlíð. Mynd: Þórður Sigurðsson.**

# Umhverfisvottaðir Vestfirðir á Núpi

Ferðamálasamtök Vestfjarða standa fyrir metnaðarfullri ráðstefnu undir yfirskriftinni Umhverfisvottaðir Vestfirði laugardaginn 17. apríl. Ráðstefnan verður haldin í tengslum við aðalfund samtakanna á Hótel Núpi í Dýrafirði og hefst kl. 11:00. Ráðstefnan er öllum opin, en meðal framsögumanna verður Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra.

Á ráðstefnunni verða haldin fjölbreytt erindi. Rætt verður um stöðu umhverfismála á Íslandi og hvaða aðgerða sé hægt að grípa til, auk þess sem þessi mál verða sett í hnattrænt samhengi. Fjallað verður um almennt viðhorf til náttúrunnar og sagðar reynslusögur af vottun einstakra fyrirtækja, með áherslu á mikilvægi vottunar fyrir markaðsstarf og daglegan rekstur. Loks verður sagt frá sérstökum verkefnum, svo sem hugmyndum um rafbílavæðingu Íslands.

Á ráðstefnunni munu fulltrúar Náttúrustofu Vesturlands fjalla sérstaklega um hugmyndafræðina á bak við verkefnið *Umhverfisvottað Ísland*. Meðal fyrirlesara verður einnig Leo Christensen, atvinnumálafulltrúi Lolland kommune í Danmörku. Leo mun segja frá þeim aðgerðum sem stjórnvöld á Lálandi gripu til fyrir rúmum áratug þegar ástand í atvinnumálum þar var orðið nánast óbærilegt og þeim jákvæðu áhrifum sem þessi nýja stefna hefur haft fyrir íbúa og atvinnulíf eyjarinnar. Þá er ótalinn fjöldi annarra fræðimanna og sérfræðinga sem hafa látið umhverfismál til sín taka og munu miðla ráðstefnugestum af mikilli reynslu sinni á því sviði.

Ferðamálasamtök Vestfjarða stefna að því að fylgja ráðstefnunni eftir í samvinnu við Fjórðungssamband Vestfirðinga. Markmiðið er að umhverfisvottun Vestfjarða komist á dagskrá Fjórðungssambandsins og að vestfirsk sveitarfélög sameinist um að stefna að slíkri vottun.

Ráðstefnan á Núpi er öllum opin sem fyrr segir. Ekki verður rukkað þátttökugjald, en ráðstefnugestum er bent á að hafa samband við Hótel Núp til að panta sér mat og gistingu ef á þarf að halda. Dagskrá ráðstefnunnar fylgir með þessum línum, en er einnig aðgengileg á www.vestfirskferdamal.is.

# Sönglagakeppni haldin í fyrsta sinn

Sönglagakeppni Vestfjarða verður haldin í fyrsta sinn nú á vordögum. Auglýst hefur verið eftir lögum til þátttöku og er öllum heimil þátttaka. Veglegum verðlaunum er heitið fyrir sigurlag, t.d. stafrænu upptökutæki frá hljóðfæraversluninni Rín, stúdíótímum í Tankinum hljóðveri við Önundarfjörð, gistingu á Hótel Ísafirði, flugi með Flugfélagi Íslands, veitingum á veitingastaðnum Við Pollinn á Ísafirði og Vigurferð frá Vesturferðum á Ísafirði. Verkefnið fékk í haust styrk frá Menningarráði Vestfjarða sem telst mikilvæg viðurkenning á framtakinu, en fjöldi annarra aðila styður keppnina með margvíslegum hætti.

Í Sönglagakeppni Vestfjarða er skilyrði að höfundar þurfa að hafa í huga skírskotun til Vestfjarða við laga- og textasmíð. Rétt til að senda inn lög og texta hafa allir þeir sem hafa áhuga á keppninni. Sérstakri valnefnd er fengið það hlutverk að velja lög sem komast í úrslit á sérstökum úrslitakvöldum þar sem lögin verða flutt að viðstöddum áheyrendum og dómnefndum. Áætlað er að halda tvö úrslitakvöld, annað á suðursvæði Vestfjarða og hitt á Ísafirði, þar sem lögin verða flutt í lifandi tónlistarflutningi af hljómsveit sem sett verður saman til undirleiks fyrir söngvara sem valdir verða í samráði við höfunda laganna. Sérlega vel verður vandað til allrar umgjarðar um keppnina og hæft fólk fengið til samstarfs við flutning, hljóð og fleira.

Dómnefndir gefa lögum stig og það lag sem fær flest stig samanlagt frá báðum úrslitakvöldum ber sigur af hólmi. Mögulega verður viðstöddum áheyrendum gefinn kostur á að hafa áhrif á niðurstöðu með einhverjum hætti.

Vefsíða keppninnar hefur verið opnuð og er vefslóðin www.songvakeppni.is. Tónlistarmenn og textahöfundar eru hvattir til að taka þátt og senda lög í keppnina. Skilafrestur er til miðnættis 30. apríl.

*– thelma@bb.is*

# Ef menn setjast í helgan stein styttist í kistuna

Guðjón Arnar Kristjánsson hefur látið af störfum sem formaður Frjálslynda flokksins eftir sex ár. Flokkurinn galt afhroð í alþingiskosningum fyrir ári, eins og menn muna, og náði ekki manni inn á þing. Guðjón Arnar vinnur nú að sérverkefnum í sjávarútvegsráðuneytinu og Bæjarins besta heimsótti hann þangað til að forvitnast um hvað sé framundan hjá honum og hvort hann sé sáttur við formannstíð sína hjá frjálslyndum.

„Ég var alveg sáttur við að hætta á þessum tímapunkti, já. Það er nú þannig að þegar maður lítur til baka er alltaf eitthvað sem maður vildi hafa gert betur og náð meiru fram. En ég er mjög sáttur við það hvernig við í Frjálslynda flokknum héldum á málum. Við vorum stefnuföst í okkar áherslumálum. Lögin um stjórn fiskveiða voru til dæmis eitt af fyrstu málum sem við tókum upp, strax 1998 þegar flokkurinn var stofnaður og við fylgdum því eftir alla tíð. Sama má segja um ýmis álitamál sem ennþá eru til umræðu í þjóðfélaginu. Ég hef reyndar þá trú að ef við hefðum ekki staðið svona hart vaktina varðandi það sem okkur finnst hafa verið óréttlátt í þessu kvótakerfi þá hefðu kannski ekki aðrir tekið málið upp með sama hætti og gert var, þannig að við teljum okkur eiga verulegan þátt í því að þessi umræða var ekki drepin niður með valdi af þeim sem sem telja sig eiga þessa auðlind. Frjálslyndi flokkurinn er náttúrulega ennþá starfandi og alls ekki búinn að gefa þessi mál upp á bátinnn, langt því frá. Og sama má segja um fjöldamörg önnur málefni sem við vorum með og tókum mjög snemma upp.

Ég nefni til dæmis frítekjumark fyrir aldraða og öryrkja, sem við tókum upp strax árið 2000. Það gekk eftir og voru sett um það lög, þótt núverandi ríkisstjórn sé reyndar búin að skera frítekjumarkið niður um rúmlega helming. Og auðvitað eru fjölmörg fleiri málefni sem við höfum tekið upp á okkar könnu. Við settum fyrstir allra flokka fram varanlega samgönguáætlun fyrir landið þar sem við lögðum til að menn hættu fjallaklifrinu og hlíðabaksinu og færu í gegnum fjöllin þar sem það ætti við eða yfir firði til þess að losna við snjóþunga fjarðarbotna. Og horfðum þar auðvitað til eigin reynslu af ferðalögum um Vestfirði og landið allt. Það var nefnilega þannig á árum áður, þótt flestir séu búnir að gleyma því, að menn þurftu eiginlega að fljúga frá Ísafirði til Reykjavíkur til að fara í kaffi til Flateyrar. Við komum líka fljótt fram með hugmyndina um að gera landið að einu kjördæmi, aðskilnað ríkis og kirkju og fjöldamargt fleira, svo við höfum vissulega sett okkar mark á umræðuna þótt við höfum aldrei sest á valdastóla í ríkisstjórn til að koma málunum í framkvæmd.“

## Reyndi að ná stefnumálum fram innan Sjálfstæðisflokksins

– Hvað olli því að þú fórst út í pólitík á sínum tíma?

„Ég byrjaði í Sjálfstæðisflokknum um 1970 og tók síðan við formennsku í Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Bylgjunni 1975 og fór þá á fullu inn í verkalýðspólitíkina. Fór svo í framboð með Sigurlaugu Bjarnadóttur 1983, það var klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum svokallaður T-listi. Við vorum ósátt við það að það skyldu ekki vera haldin prófkjör til þess að raða upp á lista og töldum að þetta fyrirkomulag að menn næðu alltaf að skipa sjálfa sig aftur til framboðs væri ekki rétt. Síðan voru náttúrulega ýmis mál sem maður hafði skoðun á sem ekki voru á stefnu Sjálfstæðisflokksins. Við lögðum meðal annars fram sem stefnumál í þessu sérframboði samgönguáætlun fyrir Vestfirði. Sú áætlun er í raun og veru mjög merk því það vill svo til að þegar menn sprengdu síðasta haftið í Bolungarvíkurgöngunum þá var búið að framkvæma öll stefnumálin úr þessari samgönguáætlun okkar frá 1983. Meginmálin í henni voru að það ætti að gera göng undir Breiðadals- og Botnsheiði og út í Bolungarvík og síðan ætti að þvera Gilsfjörð og Dýrafjörð. Ég man vel eftir umræðunni á þessum árum. Menn tóku svo sem ekkert illa í þessa brúarsmíði, en mörgum leist ekkert á jarðgöngin, meðal annars Bolvíkingum sjálfum sem töluðu gegn því.

Þetta framboð kom reyndar ekki manni inn á þing, þótt ekki munaði miklu, minnir að það hafi vantað innan við 100 atkvæði til þess að það tækist. En þarna byrjaði ég sem sagt fyrir alvöru í pólitík og stuttu seinna tók ég við formennsku í Farmanna- og fiskimannasambandinu sem ég gegndi síðan í 16 ár. Seinna fór ég nú aftur í Sjálfstæðisflokkinn og reyndi mikið að koma mínum baráttumálum fram þar, meðal annars hvað varðaði fiskveiðistjórnunarkerfið sem ég var þá strax búinn að mynda mér skoðun á hvernig myndi þróast. Við vorum sem sagt sammála um það í Sjálfstæðisflokknum á Vestfjörðum á þessum tíma að hafa ýmsar athugasemdir við kvótakerfið þó að við næðum því ekki fram. Ég komst svo smám saman að þeirri niðurstöðu að ég myndi aldrei ná þessum stefnumálum mínum á oddinn innan Sjálfstæðisflokksins og tók því þess vegna fegins hendi að fara í annan stjórnmálaflokk sem setti þetta mál á oddinn.“

## Skaðleg innanflokksátök

Guðjón gekk til liðs við Frjálslynda flokkinn 1999, ári eftir að Sverrir Hermannsson stofnaði hann, og varð formaður árið 2003 þegar Sverrir hætti. Blaðamaður slær fram þeirri fullyrðingu að í hugum flestra sé Frjálslyndi flokkurinn samofinn persónu Guðjóns Arnars.

„Ég myndi nú ekki segja það. Það hefur fjöldi manna starfað í flokknum, en ég hef náttúrulega verið á oddinum í þessum flokki og strax frá ’99 þegar ég kem inn á þing tala ég mjög hart fyrir stefnu flokksins og þeim málum sem við börðumst fyrir. Okkur gekk ágætlega í kosningunum 2003 og héldum nokkurn veginn velli hvað atkvæða- og þingmannafjölda snerti 2007 en þá voru komnar upp deilur innan flokksins sem urðu enn meira áberandi á þessu stutta kjörtímabili frá 2007 til 2009 og það verður að segjast alveg eins og er að ég hef alltaf talið að þegar stefna væri samþykkt af heildarsamtökum þá bæri að fylgja henni eftir og henni yrði ekki breytt nema á landsþingum. Það kemur ekkert einhver einn maður úr einhverjum öðrum flokki í framboð fyrir okkur og fer að breyta eftir sínum eigin persónulegu skoðunum þegar hann er kominn í valdastöðu á okkar vegum. Það bara gengur ekki. Ég var mjög fastur á því að ekki væri hægt að breyta stefnu flokksins annars staðar en á landsfundum og ef menn gátu ekki unað því lentu þeir auðvitað svolítið upp við vegg og það olli átökum innan flokksins. Ég er hins vegar mjög sáttur við það að hafa bara reynt að fylgja stefnu flokksins eftir og vona að þeir sem tóku við flokknum muni líka gera það.“

– Sköðuðu þessi átök flokkinn í kosningunum 2009?

„Alveg klárlega. Og líka átökin fyrir kosningarnar 2007 þegar Margrét hætti. Það er nú einu sinni þannig að í litlum flokki eru innanflokksátök miklu erfiðari en í stórum flokkum. Þegar flokkur er kominn með 20-30 þingmenn hefur það ekkert mikið vægi þótt einhver einn sé að keyra á annarri stefnu, en þegar þú ert í þingflokki sem er ekki nema 3 - 4 menn þá skiptir það verulegu máli þegar 25% og tala nú ekki um 50% af þingflokknum fer að fara í aðrar áttir. Úrslitin í kosningunum 2009 voru mér mjög mikil vonbrigði vegna þess í fyrsta lagi að þá töldum við okkur vera með góð stefnumál sem skiptu þjóðina miklu máli, þótt þau hafi kannski svolítið drukknað í umræðunni fyrst eftir bankahrunið þegar allt snerist um peninga og fjármál. Það spilaði líka inn í að fleiri flokkar tóku upp þá stefnu sem við höfðum verið með allan tímann að það þyrfti heildarendurskoðun og gjörbyltingu á þessu fiskveiðistjórnunarkerfi. Og vafalaust fengu þeir flokkar aukið fylgi út á það, bæði Samfylkingin og Vinstri grænn. Fólk hafði kannski meiri trú á að þeir gætu komið þessum málum í framkvæmd heldur en lítill flokkur eins og Frjálslyndi flokkurinn sem var ekkert á leið inn í ríkisstjórn og þar að auki með mikil innbyrðis átök. Tveir þingmennn farnir úr flokknum, annar yfir í Sjálfstæðisflokkinn, hvernig sem það mátti nú vera miðað við stefnumál Frjálslynda flokksins, og hinn til baka í Framsóknarflokkinn.“

– Fannst þér Vestfirðingar ekki standa við bakið á þér í þessum kosningum?

„Margir gerðu það, en það er alveg ljóst að mikill fjöldi fólks í kjördæminu tók þá afstöðu að það væri líklegra að ef vinstri grænn myndu eflast með sína afstöðu til kvótakerfisins og byggðaáætlunar þá gengi betur að fá breytingar fram heldur en ef Frjálslyndi flokkurinn næði einum eða tveimur mönnum á þing. Ég held þetta hafi verið bara kalt mat, fólk leggur auðvitað mat á það hvar stefnumálum þess er best borgið. Við vorum til dæmis búin að vera með frjálsar handfæraveiðar á stefnuskrá í 7 - 8 ár en þarna var kominn fram flokkur í ríkisstjórn sem var búinn að lýsa því yfir að þeir ætluðu að leiða það inn eins og gert var í strandveiðunum. Og það hafði auðvitað áhrif á afstöðu fólks.“

– Kannski varstu líka óheppinn með samstarfsmenn?

„Ja, ég veit það ekki, jú jú, það getur svo sem verið. Það muna sjálfsagt allir eftir því þegar við kusum varaformann í Stykkishólmi sem tolldi í sjö daga, þannig að það var nú ekki mikil festa í þeirri vinnu okkar. Og Ólafur F. hefur svo sem ekki verið neitt stefnufastur í því hvar hann ætlaði að vera í pólitík. Og svo var auðvitað mikið ósætti um það að hann skyldi nota vald sitt sem borgarstjóri til þess að færa peninga frá Frjálslynda flokknum inn í eitthvert einkahlutafélag sitt. Þau mál eru hvergi nærri búin og uppgerð og enda sennilega fyrir dómstólum.“

– Heldurðu að Frjálslyndi flokkurinn eigi sér framhaldslíf eftir að þú ert stiginn úr brúnni?

„Ég held að hann geti alveg átt framhaldslíf og fólkið sem valdist til forustu held ég að sé ágætlega hæft til að taka við flokknum, þótt auðvitað sé alltaf eftirsjá að einhverjum sem ekki munu kannski halda áfram af sama krafti og áður. Ég tók hins vegar að mér að sjá um fjármál flokksins og vinna að því að gera hann skuldlausan sem er auðvitað frumskilyrði þess að flokkur geti starfað. Enginn stjórnmálaflokkur getur starfað undir því að vera kannski kallaður fyrir dómara út af einhverjum fjárskuldbindingum, það er bara ekki hægt.“

## Ekki horfinn úr íslenskri pólitík

– Ætlarðu aftur í framboð fyrir flokkinn?

„Ja, ég er í stjórnmálum og ef menn vilja að ég fari í framboð

Ljósm: Spessi.

einhvern tíma og ég hef heilsu og vilja, þá getur vel verið að ég geri það. Ég er allavega ekki búinn að taka neina ákvörðun um það að ég sé horfinn út úr íslenskri pólitík.

Það veit náttúrulega enginn hvenær næstu alþingiskosningar skella á, fer eftir því hve lengi stjórnarsamstarfið heldur. Það eru slíkar væringar á milli stjórnarflokkanna. Nú síðast voru menn kallaðir kettir af forsætisráðherra. Ég hef nú reyndar aldrei vitað til þess að menn reyndu að smala köttum, ég ólst nú upp með köttum og ekki var hægt að smala þeim, það var hins vegar hægt að fá þá til að koma að skálinni ef þeim var boðið eitthvað að éta. En ef stjórnin fer frá sér maður heldur ekki hver ætti að taka við. Sjálfstæðisflokkurinn sem stóð hér fremstur í flokki í 17 - 18 ár og leiddi okkur inn í frjálsa framsalið undir forystu Þorsteins Pálssonar, sem er held ég það mesta ógæfuspor sem við höfum stigið og hefur haft mikil áhrif á byggðirnar og valdið miklu ósætti. Síðan var það auðvitað einkavæðing bankanna sem allir vita hvernig endaði. Við höfðum alltaf miklar efasemdir um það í Frjálslynda flokknum og bentum meðal annars á það hvort ekki væri æskilegt fyrir ríkið að eiga annað hvort 20 - 30% hlut í bönkunum eða eiga algjörlega einn banka.

Ég er reyndar á því að upphaf á fjármunum sem áttu enga sérstaka stoð í veruleikanum megi rekja til þess þegar menn fóru að selja óveiddan fisk í sjó. Þá fóru menn allt í einu að framleiða peninga og búa til verðmæti sem höfðu ekki verið til áður. Mönnum hefur tekist að skuldsetja sjávarútveginn alveg upp í rjáfur og ekkert vitrænt í því ferli og ekki batnaði það þegar útgerðin þurfti að fara að eignast hluti í bönkunum og einstakir útgerðarmenn fóru í það ferli. Þetta leiddi allt til þess að við enduðum hér bara í skelfilegu hruni. Ég var oft búinn að segja það í umræðunni um sjávarútvegsmál að ef sjávarútvegurinn héldi áfram að skuldsetja sig þá myndi það lenda á íslensku þjóðinni vegna þess að í landinu væri engin atvinnugrein sem gæti hlaupið undir bagga með sjávarútveginum, hann væri bara einfaldlega of stór í okkar efnahagsbúskap.

En varðandi það hvort ég ætli aftur í framboð þá hef ég engu svarað um það. Ég hef hvorki sagt já eða nei. Ég hef hins vegar ákveðið að starfa áfram í Frjálslynda flokknum og allavegana tryggja það að flokkurinn geti starfað áfram. Ég vænti þess að okkur takist að bjóða fram á nokkrum stöðum í komandi bæjarstjórnakosningum. Við höfum aldrei hafnað samstarfi við aðra flokka í bæjarstjórnum, höfum til dæmis átt mjög gott samstarf við vinstri flokkana í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, sem ákveðið var að halda áfram í þessum kosningum. Og við munum einnig bjóða fram í Reykjavík og á fleiri stöðum um landið. En það er auðvitað undir fólkinu á hverjum stað komið hvort það vill starfa fyrir flokkinn í bæjarstjórn. Það koma engar skipanir að ofan um slíkt.“

Sú saga gekk í haust að þú værir hugsanlegur bæjarstjórakandidat á Ísafirði. Er eitthvað til í þeim orðrómi?

„Það er kannski aldrei hægt að segja aldrei. Það var einn og einn maður sem nefndi þetta við mig, en ég gaf þessu aldrei neitt undir fótinn. Enda hefur það ekki staðið til boða ennþá, en ef það stæði til boða þá gæti vel verið að ég myndi hugleiða það. En ég er að vinna hér í ráðuneytinu að skemmtilegum verkefnum sem snúa að sviði sem ég þekki mjög vel, um útfærslu veiðigreina og nýtingu. Núna er ég til dæmis að vinna í verkefni um verndun og nýtingu grunnslóðarinnar. Það er hins vegar óljóst og engin lagaleg skilgreining til á því hvað telst grunnslóð, hvar hún byrjar og endar. Þannig að ég er mjög sáttur við nýtt verkefni.“

– Þú ert sem sagt ekki sestur í helgan stein?

„Nei, ég hef reyndar þá skoðun að ef maður asnast til þess að setjast í helgan stein, þá sé miklu styttra í kistuna heldur en ef maður heldur áfram að vinna að áhugaverðum verkum,“ sagði Guðjón Arnar Kristjánsson.

*– fridrika@bb.is*

**Háskólasetur Vestfjarða er til húsa í Vestra-húsinu á Ísafirði.**

# Vilja fjölga íbúum Vestfjarða

Starfsfólk og stjórnarmenn Háskólaseturs Vestfjarða hafa að markmiði að fjölga íbúum Vestfjarða. „Það er alltaf hugsunin að baki stefnumótunar okkar," segir Peter Weiss forstöðumaður setursins en starfsfólk og stjórnarmenn komu saman til að vinna að stefnumótun HsVest fyrir stuttu. „Það er mjög gott að fá stjórn og starfsmenn saman svona einu sinni á ári. En það hefur ekki verið haldinn slíkur fundur í tvö ár og því tími til kominn. 40% af stjórninni hefur verið skipt út frá síðasta fundi og 25% starfsmanna, svo við erum bæði með nýja starfsmenn og stjórnarmenn," segir Peter.

„Við ræddum mikið um stöðu og hlutverk háskólasetursins og tókum sérstaklega fyrir hvernig haf- og strandsvæðastjórnun hefur gengið og hvernig mætti fjölga námsmönnum og þar með íbúum Vestfjarða. Þá eru uppi hugmyndir um að taka inn fleiri nema í námið og jafnvel með tíð og tíma fjölga námsleiðum."

Peter segir fundarmenn vera bjartsýna á framtíð Háskólasetursins. „Ég held að það sýni fram á vissa bjartsýni að við skulum koma saman í miðri kreppu og ræða fjölgun námsmanna og námsleiða. Ég hef alltaf talið að það sé mikilvægara að hafa hugmyndir og enga peninga, frekar en að hafa peninga og engar hugmyndir."

Peter tekur fram að það hafi verið mjög ánægjulegt fyrir starfsfólk og stjórnarmenn að hittast og ræða málin *– thelma@bb.is*

# Kvartað yfir lausagöngu hunda

Enn og aftur er berast kvartanir vegna lausagöngu hunda, sérstaklega í Hnífsdal en líka víðar í Ísafjarðarbæ, að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra. „Það er verulega slæmt ef hundaeigendur gæta ekki hunda sinna betur en svo að fólk sé hreinlega hrætt við lausa hunda," segir Halldór. Hann segir hunda ekki eiga að ganga lausa, það sé bannað samkvæmt samþykkt um hundahald í Ísafjarðarbæ. Samkvæmt þeirri samþykkt er hundahald bannað en leyft með sérstakri undanþágu.

„Fyrir utan hræðslu fólks við lausa hunda fylgir þeim sóðaskapur. Hundaskítur er víðs vegar um bæinn vegna lausra hunda, en einnig vegna þess að fólk þrífur ekki upp eftir hundinn sinn," segir Halldór. Hann leggur þó áherslu á að flestir hundaeigendur standi sig vel og passi upp á dýrin sín. Það séu þeir örfáu sem geri það ekki sem komi óorði á alla hundaeigendur.

# Þrjú vestfirsk verkefni styrkt úr Fornleifasjóði

Fimm og hálf milljón komu í hlut vestfirskra verkefna við úthlutun styrkja úr Fornleifasjóði fyrir árið 2010. Fjárveiting til sjóðsins í ár var 19.1 milljón króna en samtals bárust 49 umsóknir að upphæð 89,7 milljónir króna. Samþykktir voru styrkir til þrettán aðila að upphæð rúmlega 18 milljóna króna. Þar á meðal var fornleifastaðarins í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp en síðastliðin fimm sumur hefur Fornleifaskólinn verið starfræktur þar samhliða uppgreftri á svæðinu. Var úthlutað 2,5 milljón vegna þess. Einnig var úthlutað 2,5 milljón vegna rannsókna á hvalveiðum útlendinga við Ísland en síðustu ár hafa fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða og Strandagaldur staðið fyrir sameiginlegri rannsókn á fornminjum í tengslum við hvalveiðistöð útlendinga frá 17. öld á Strákatanga. í Steingrímsfirði

Þá var einnig úthlutað 500.000 krónum vegna fornleifakönnunar í Ögri við Ísafjarðardjúp en það er í fyrsta sinn sem könnun af því tagi fer fram á staðnum. Er þetta í fyrsta sinn sem fornleifakönnun fer fram í Ögri.

# Telur að sumarhúsin megi ekki vera fleiri

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur að ekki megi hafa hús sumarhúsabyggðar í Tungudal fleiri en þau voru fyrir snjóflóð sem féll 5. apríl 1994. Bæjarráð hafði vísað tillögu að deiliskipulagi sumarbústaðabyggðar í Tungudal aftur til umhverfisnefndar til frekari skoðunar m.a. með tilliti til fleiri byggingarlóða t.d. á svonefndum sælureitum. Umhverfisnefnd hefur bent á að samkvæmt úrskurði umhverfisráðuneytisins frá 14. september 1994 segir: „Ráðuneytið fellst á þau sjónarmið bæjarstjórnar sem rakin eru hér að framan og telur að gefa megi út byggingarleyfi fyrir endurbyggingu sumarbústaðanna í Tungudal með þeim skilyrðum að búseta í þeim verði takmörkuð við tímabilið 16. apríl – 15. desember ár hvert og að þeirri kvöð verði þinglýst," Umhverfisnefnd leggur því til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst óbreytt.

Árið 1994 féll snjóflóð á sumarhúsabyggðina í Tungudal og lagði í rúst 40 sumarhús á svæðinu. Í september sama ár var leyfð endurbygging húsanna með þeim skilyrðum að búseta á svæðinu yrði takmörkuð við tímabilið frá 16. apríl til 15. desember og skylt væri að þinglýsa kvöðinni. Í kjölfarið voru fjölmörg sumarhús endurbyggð en þó ekki öll.

Þess má einnig geta að Ísafjarðarbær óskaði eftir því árið 2004 að fá að stækka sumarhúsasvæðið í Tungudal en Skipulagsstofnun hafnaði því á grundvelli snjóflóðahættu. Eftir gerð varnargarðs í Seljalandsmúla hefur snjóflóðahættumat í Tungudal á sumarhúsasvæðinu ekkert breyst. Í tillögum að nýju aðalskipulagi fyrir Ísafjarðarbæ má finna tillögu um skipulagningu sumarhúsabyggðar í Dagverðardal.

**Frá sumarhúsabyggðinni í Tungudal.**

JAFN RÉTTI

Ráðstefnuröð SFR – 2010

**JÖFN STAÐA KYNJANNA ER FORSENDA FARSÆLDAR**

## ÍSAFJÖRÐUR

**20. apríl, kl. 11:30-14:00 - Edinborgarhúsinu, Aðalstræti 2**

**Skreppur og Pollýanna**
**- Samræming fjölskyldulífs og atvinnu, kynhlutverk og eðli starfa**
*Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir,*
*aðjúnkt í kynjafræði við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.*

**Kerfið og kynin - Líðan og virkni á unglingastigi**
*Kristján Ketill Stefánsson,*
*stundakennari og doktorsnemi við Háskóla Íslands.*

**REYKJAVÍK**
**28. apríl, kl. 13:00-16:00** - BSRB húsið, Grettisgötu 89

**Kastljós á kyn: Fjármagn til karla og kvenna í kynjaðri hagstjórn**
*Silja Bára Ómarsdóttir,* aðjúnkt við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og situr í verkefnisstjórn um kynjaða hagstjórn.

**Ofbeldi í skjóli einkalífs**
*Fríða Rós Valdimarsdóttir, mannfræðingur og höfundur skýrslunnar „Líka á Íslandi, um umfang og eðli mansals", og Kristbjörg Kristjánsdóttir, kynjafræðingur og fyrrum starfskona Stígamóta.*

**Ráðstefnan er öllum opin og þátttakendum að kostnaðarlausu.**
**Boðið verður upp á léttan hádegisverð.**

**Skráning á www.sfr.is**

**SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu hvetur félagsmenn sína og aðra til að taka virkan þátt í umræðum um jafna stöðu kynjanna. Jafnrétti verður ekki náð án nýrra viðhorfa og þátttöku allra.**

1939 - 70 ára - 2009
SFR
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

## smáar

**Valgarður miðill á Ísafirði verður á Ísafirði dagana 29. apríl til 4. maí. Tímapantanir í síma 863 7086.**

**Til sölu er lítið einbýlishús á tveimur hæðum (73m²) að Skólastíg 23 í Bolungarvík. Nýtt járn á þaki, nýjar vatnslagnir og ofnar og fleira. Tilboð óskast. Uppl. gefa Sigga í síma 554 5138 eða Sigrún í síma 554 4286.**

**Til leigu er 5 herb. einbýlishús í Holtahverfi. Upplýsingar í síma 848 4265.**

## Milan til liðs við BÍ/Bolungarvík

BÍ/Bolungarvík hefur fengið miðjumanninn Milan Krivokapic til liðs við sig en hann mun leika með liðinu í 2. deildinni í sumar. Milan er 29 ára gamall Serbi en hann var síðast á mála hjá félagi í Armeníu. Eins og áður hefur komið fram fékk BÍ/Bolungarvík slæmar fréttir á dögunum en ljóst er að framherjinn Goran Vujic verður ekkert með liðinu í sumar en hann sleit krossband í leik liðsins gegn Hvöt á dögunum.

Goran hefur verið í stóru hlutverki hjá BÍ/Bolungarvík undanfarin tvö ár en hann lék áður með Grindavík sumarið 2007. Í fyrra lék Goran alla leiki BÍ/Bolungarvíkur.

**Útlán bókasafnsins á Ísafirði jókst um 5% á árinu 2009.**

# Útlán jukust um 5% milli ára

Útlán bókasafnsins á Ísafirði á árinu voru 35.608 bindi sem er 5% aukning frá fyrra ári. Útlánum hrepps safnanna í Ísafjarðarbæ fækkaði nokkuð og eru áætluð um 3.000. Í ársskýrslu Safnahússins fyrir árið 2009 kemur fram að samkvæmt þessum tölum eru útlán á hvern íbúa bæjarins um 8 bindi á íbúa. Bent er á að útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af söfnunum, lán á lestrarsal, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með, en sú notkun hefur stóraukist með betri aðstöðu að því er fram kemur í skýrslunni. Ekki er heldur talin afritun gagna svo sem ljósritun eða skönnun. Auk þessa hefur orðið mikil aukning notkunar á Internettölvum í safninu, en þau not eru ekki mæld. Samkvæmt erlendum viðmiðum má gera ráð fyrir að innanhúsnotkun sé um 50% af útlánum þannig að heildarnotkun rita á árinu 2009 hefur verið liðlega 53.000 bindi.

Auk venjulegra útlána voru um 300 bækur sendar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út um 4.600 bækur. Önnur útlán m.a. til skipa voru um 700. Alls voru þessi útlán um 5.600.

Í árslok taldist safnkosturinn á Ísafirði um 77.600 en var 76.500 eintök í ársbyrjun. Í árskýrslunni er þó tekið fram að heildarsafnkosturinn er um 83.500 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni. Safnkostur hreppssafnanna er um 37.500. Bókakosturinn í heild er því um 121.000 bindi.

Á árinu fékk safnið heillegasta safn Ísafjarðarprents sem til er, en það er safn Jóhanns Gunnars Ólafssonar fyrrum sýslumanns, af Ísafjarðarprenti, sem er allt sem prentað hefur verið á Ísafirði frá því fyrsta prentsmiðjan var stofnuð þar 1889. Um er að ræða 735 bækur, bæklingar, blöð, skrár og einblöðungar, samtals um 6 hillumetrar. 0132Er það mjög góð viðbót við stofn að héraðssögusafni sem áætlað hefur verið að setja upp í vesturs al á þriðju hæð safnahússins (þar sem m.a. byggðasafnið hefur nú aðstöðu til bráðabirgða) - með rannsóknaraðstöðu auk lesrýmis og aðstöðu fyrir myndasafnið og námsgagnasafnið - þar verði aðgengilegt allt ísfirskt prent um héraðið og allt örfilmusafnið (kirkjubækur, dómabækur, manntöl o.fl.) - auk aðgangs að skrám allra safnanna," segir í árskýrslunni.

*– thelma@bb.is*

# Skýrslan

**Stakkur skrifar**

Þegar þessi orð eru sett á blað er skýrslan fræga ekki enn komin fram. Hún mun án nokkurs efa hertaka fjölmiðlana, hvert sem efni hennar verður. Fólkið sem skipar rannsóknarnefnd Alþingis hefur sagt í fjölmiðlum að það hafi tárast yfir viðgangsefninu. Gott og vel. En snýst efni skýrslunnar um það að menn gráti og afgreiði efni hennar hvert sem það verður sem tilfinningamál? Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur sent bréf til flokksmanna sinna og beðið þá að dæma ekki þá menn sem um er fjallað í skýrslunni. Það er athyglisvert, ekki síst í ljósi þess að stjórnmálamenn er fljótir til dóma um menn og málefni.

Aðferð Íslendinga er sú að skammast út í menn og tala illa um þá en gera svo lítið meira með það. Enda hefur Íslandi oft verið slaklega stjórnað og við lifað af. Skortur á virðingu fyrir skattborgurum og skattfé er landlægur á Íslandi og stundum mætti halda að skattfé væri eign þeirra stjórnmálamanna sem um höndla. Skammarlega lítil umræða fer fram á vettvangi stjórnmálanna um eðli og vandaða meðferð skattfjár. Fremur ólíklegt er að hún verði tekin upp af einhverri alvöru þótt skýrslan komi fram.

Er líklegt að siðferði í viðskiptum og stjórnmálum batni við það skýrslan verði birt opinberlega? Hvers vegna ætti það að gerast og er við því að búast að einhver verði kallaður til ábyrgðar? Hingað til hafa stjórnmálamenn ekki axlað ábyrgð á verkum sínum og sinna undirmanna. Það mun ekki gerast nú. Kirkjan er orðin heilög og ætlar að biðja fyrir fólki. Gott og vel. Hver er siðferðisboðskapur kirkjunnar á Íslandi sem skattborgarar fjármagna? Það verður fróðlegt að sjá. Það er sérstakt að fylgjast með boðskap biskups um að söfnuðir lútersku kirkjunnar á Íslandi skuli kaupa skýrsluna svo sóknarbörnin geti lesið hana. En til hvers?

Hverju eru sóknarbörnin bættari með lestrinum meðan ekki liggur fyrir gera skuli í framhaldinu? Hvers vegna þurfti alþingi að kjósa nefnd alþingismanna til að fjalla um efni skýrslunnar? Komi eitthvað fram um refsiverða hegðun einhvers sem um er fjallað er ljóst að ríkissaksóknari eða sérstakur saksóknari hljóta annar hvor að grípa til aðgerða.

Sá sérstaki hefur rannsakað tvo af þremur bönkum, Glitni og Kaupþing, en lítið hefur heyrst minnst á Landsbankann fyrr en Deutsche Bank ákvað að fara í sérstaka eigin rannsókn. Hafi embættismenn íslenska ríkisins eða aðrir unnið verk sem kunna að þykja grunsamleg og þeir liggi undir grun um að hafa brotið lög liggur beint við að lögregla og ákæruvald sinni skyldum sínum lögum samkvæmt. Hvað eiga alþingismenn að gera? Og hvað á blessuð þjóðin að gera? Á hún að sýna meiri þolinmæði meðan ekkert gerist? Á hún að tárast?

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## 3X Technology á sjávarútvegsýningu

Ísfirska fyrirtækið 3X Technology er meðal þátttakenda á einni stærstu sjávarútvegsýningu í heimi sem fram fer í Brussel dagana 27. til 29. apríl. Þar mun fyrirtækið kynna nýja aðferð við uppþýðingu frosins hráefnis sem notið hefur mikilla vinsælda. Einnig ætlar fyrirtækið að kynna það nýjasta frá þróunardeild fyrirtækisins sem eru byltingakenndir blæðingar- og kæli tankar fyrir fiskveiðiskip sem tryggja betri meðferð og gæði á afla.

Evrópska sjávarútvegsýningin er ein stærsta sinnar tegundar í heiminum en sýningaraðilar og viðskiptamenn frá um 140 löndum sækja sýningu þar sem um 1.600 sýningaraðilar sýna vörur sínar.

*– thelma@bb.is*

Hótel Ísafjörður.

# Gistinóttum fjölgaði

Fjöldi gistinátta á samanlögðu svæði Vestfjarða og Vesturlands stóð nánast í stað í febrúarmánuði milli ára, en þeim fjölgaði úr 1.674 í febrúar 2009 í 1.690 í ár. Þar af voru Íslendingar í miklum meirihluta eða 1.014 á móti 676 útlendingum. Á landsvísu voru gistinætur á hótelum í febrúar voru 77.100 en voru 72.800 í sama mánuði árið 2009. Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum nema á Austurlandi og Suðurnesjum. Á vef Hagstofunnar segir að aukning gistinátta á hótelum í febrúar megi aðallega rekja til erlendra gesta en gistinóttum þeirra fjölgaði um tæp 8% miðað við febrúar 2009 á meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 1%.

Tölurnar eru fengnar á vef Hagstofunnar og er athygli vakin á því að hér er eingöngu átt við gistinætur á hótelum, þ.e. hótelum sem opin eru allt árið. Til þessa flokks gististaða teljast hvorki gistiheimili né hótel sem eingöngu eru opin yfir sumartímann. *– thelma@bb.is*

# Íslandsglíman haldin á Ísafirði árið 2012

Íslandsglíman verður haldin á Ísafirði árið 2012. „Íslandsglíman, þar sem glímt er um Grettisbeltið, hefur aldrei verið haldin á Vestfjörðum og verður þetta því í fyrsta sinn sem okkur hlotnast sá heiður og mun glímudeild Harðar ásamt stjórn félagsins hefja undirbúning nú þegar. Um er að ræða elsta íþróttamót á Íslandi en glímt hefur verið um Grettisbeltið á aðra öld," segir Hermann Níelsson, yfirþjálfari glímudeildar Harðar.

Ákvörðun um að halda Íslandsglímuna á Ísafirði var tekin á stjórnarfundi Glímusambands Íslands á dögunum. Í fundarbókun kemur fram að Ísfirðingar hafa útvegað styrk til að koma til móts við Glímusambandið í öllum kostnaði. Þar ber að nefna, upptöku á Íslandsglímunni, verðlaun, gistingu, mótsstað o.s.frv.

# Sækja um leyfi til að reisa viðbyggingu

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á baklóð Herkastalans svokallaða, að Mánagötu 4 á Ísafirði. Umsóknin var tekin fyrir á síðasta fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar. Nefndin lét bóka að í deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði frá nóvember 1997 segir að þar sem því verði við komið má byggja geymsluhús aftast á lóðum. Umhverfisnefnd hefur því falið byggingarfulltrúa að senda erindið í grenndarkynningu og það kynnt íbúum að Mjallargötu 1 og 5, Mánagötu 2 og Aðalstræti 20. Einnig hefur verið óskað umsagnar Húsafriðunarnefndar en húsið er friðað. Undanfarin ár hafa staðið yfir endurbætur á húsinu en það var farið að láta á sjá síðastliðna áratugi.

Um sögufrægt hús er að ræða en bygging þess hófst árið 1920. Hjálpræðisherinn reisti húsið og árið 1922 var stofnsett í kjallara þess „gamalmennahæli" og mun það hafa verið fyrsta dvalarheimili aldraðra á Íslandi. Síðar rak Hjálpræðisherinn um áratuga skeið gisti- og sjómannaheimili í húsinu. Um tíma var þar einnig heimavist Menntaskólans á Ísafirði. Einnig var rekið öflugt safnaðarstarf í húsinu um margra áratuga skeið.

*– thelma@bb.is*


## Skipulagsmál í Reykhólahreppi

Sveitarstjórn Reykhólahrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi skv. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillaga á deiliskipulagi við Innstapoll í Flatey á Breiðafirði sem tekur til svæðis á aðalskipulagi sem er áætlað sem opið svæði og hafnarsvæði merkt H3.

Gert er ráð fyrir skjólhöfn fyrir smábáta við Innstapoll í Flatey með tveimur 40 m grjótgörðum þannig að stærðin á bátalæginu verði um 25x30 með ca. 12x40m innsiglingarennu. Vegslóði verður að höfninni sem má vera allt að 3ja metra breiður eða að hámarki 4 metrar með vegöxlum.

Svæðið er skilgreint sem hafnarsvæði í tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tekur deiliskipulagstillagan ekki gildi fyrr en staðfest aðalskipulag liggur fyrir.

Skipulagsuppdráttur ásamt greinargerð er til sýnis á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, 380 Reykhólum. Einnig verður tillagan til sýnis á heimasíðu Reykhólahrepps; www.reykholar.is frá 15. apríl 2010 til 14. maí 2010.

Berist ekki athugasemdir innan tilskilins frests, telst tillagan samþykkt. Athugasemdum skal skila til skrifstofu Reykhólahrepps fyrir 28. maí 2010 og skulu þær vera skriflegar.

**Reykhólahreppur 9. apríl 2010**
**Bogi Kristinsson Magnusen**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi.**



## Er öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður á þínum vinnustað?

Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu vera öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður. Þeir eiga að stuðla að heilsusamlegu og öruggu vinnuumhverfi.

Vinnueftirlitið heldur reglulega námskeið um vinnuvernd fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði. Námskeiðin standa yfir í tvo daga frá kl. 09:00 til 16:00. Námskeiðagjald greiðist af atvinnurekanda.

Haldið verður námskeið í Fræðslumiðstöðinni á Ísafirði dagana 29. og 30. apríl nk. ef næg þátttaka fæst. Síðasti skráningardagur er 26. apríl.

Skráning á námskeiðin er hjá umdæmisskrifstofu Vinnueftirlitsins á Ísafirði í síma 450 3080 og á vestfirdir@ver.is. Sjá nánar upplýsingar á heimasíðu Vinnueftirlitsins – www.vinnueftirlit.is.

VINNUEFTIRLITIÐ

# Alltaf haft dálæti á Íslandi

Hjónin Eggert og Michelle Nielson hafa fest kaup á sex húsum í Súðavík sem þau hafa í hyggju að leigja út fyrir ferðamenn. Undanfarin ár hafa þau reynt að vekja áhuga á Íslandi, og þá sér í lagi Vestfjörðum, og bjóða upp á skipulagningu ferðalaga, leigu á húsnæði og leiðsögn um norðanverða Vestfirði.

Þau eru frá Bandaríkjunum en Eggert er fæddur á Íslandi og á íslenska móður. Hann hefur alla tíð ræktað rætur sína með tíðum heimsóknum til ættlandsins og brennandi áhuga á landi og þjóð.

Michelle er meðlimur í bandarísku hljómsveitinni Melonheads sem ætlar að halda tónleika á Vestfjörðum í sumar.

Bæjarins besta hitti hjónin og forvitnaðist um áhuga þeirra á Vestfjörðum og ferðaþjónustuna sem þau eru að koma á fót í Súðavík.

„Við stofnuðum ferðaþjónustufyrirtæki í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum sem kallast Iceland Tour Guy og reynum að kynna Ísland, og þá sérstaklega Vestfirði, fyrir Bandaríkjamönnum og öðrum heimsbúum. Efnahagskreppan gerir það að verkum að fólk hefur ekki eins mikinn pening til þess að ferðast og við höfum ekki bókað neinar ferðir enn sem komið er. En við höfum sett okkur í samband við fyrirtæki sem sérhæfir sig í ævintýraferðum m.a. til Afríku, Egyptalands og Tyrklands. Við höfum tekið upp samstarf við þetta fyrirtæki og erum komin á lista yfir þær ferðir sem þar eru í boði.

Hingað til höfum við verið að reyna að koma okkur á framfæri á netinu. Þegar við byrjuðum var vefurinn okkar IcelandTourGuy.com á síðu 36 á Google. Þannig að ef einhver leitaði að íslenskum ferðalögum á Google komum við upp á 36. síðu en í dag erum við á síðu 2. Það er að sjálfsögðu mikil framför en við ætlum okkur að komast á síðu 1. Við erum að vinna í þessu af fullum krafti,“ segir Eggert.

– Af hverju heilluðust þið svona af Vestfjörðum?

„Ég hef engin tengsl við Vestfirði, fjölskyldan mín á ættir sínar að rekja til Snæfellsness og Stykkishólms en okkur Michelle langaði til að koma til Vestfjarða til að fagna tíu ára brúðkaupsafmæli okkar fyrir fjórum árum. Við vildum gista við sjóinn og leigðum hús í Súðavík. Við gjörsamlega féllum í stafi yfir landslaginu og hversu indælt fólkið er. Við komumst á snoðir um að Árnahús væri til sölu. Það er gamalt hús, sem byggt var 1930, og þarfnaðist viðgerða. Við höfum undanfarin tólf ár verið í því að gera upp gömul hús og ákváðum að þarna væri kjörið tækifæri fyrir okkur. Síðan höfum við verið að bæta við okkur húsum og gera þau upp. Ég veit að það er frekar langt í burtu en við komum um sex sinnum á ári til að koma húsunum í stand.



**Hjónin Eggert og Michelle Nielson.**

Við búum við Blue Ridge Mountain í Virginíu og erum því vön fjallalandslaginu og kunnum afar vel við okkur á Vestfjörðum. Þar gerðum við upp gamalt svínabú og gerðum úr því íbúðarhúsnæði sem er okkar griðastaður fjarri skarkala borgarlífsins.“

## Fékk pönnsur og kleinur í bernsku

Þrátt fyrir að hafa búið meirihluta ævi sinnar í Bandaríkjunum hefur Eggert verið mikill Íslendingur í hjarta sér.

„Ég hef alltaf reynt að halda tengslunum við Ísland eins mikið og ég hef mögulega getað. Ég hef komið til landsins a.m.k. einu sinni á hverju ári og vann hér nokkur sumur sem unglingur. Þar sem mamma er íslensk ólst ég upp við að fá pönnukökur og kleinur, hún prjónar úr lopa og þar fram eftir götunum. Einhverra hluta vegna talaði hún samt ekki íslensku við mig og systur mína og eftir að við fluttum til Bandaríkjanna glutruðum við tungumálinu niður. En dálæti mitt á landi og þjóð hefur aldrei dvínað.

Þegar ég átti að gera verkefni um önnur lönd í skólanum sem barn valdi ég alltaf Ísland og hef alltaf haft mikinn áhuga á að fræðast meira um landið,“ segir Eggert.

Eftir að hafa kynnst landi og þjóð hefur Michelle smitast af áhuga Eggerts fyrir Íslandi.

„Þegar ég kom fyrst til Íslands upplifði ég mig sem mjög mikinn útlending því þetta var mér allt svo ókunnugt. Ég hafði aldrei hitt Íslending fyrr á ævinni, Eggert var sá eini. Ég skildi ekki eitt orð í tungumálinu, ég tala spænsku auk enskunnar og var alltaf að reyna hlusta eftir einhverjum kunnuglegum orðum en fann engin. Ég byrjaði því að læra íslensku þegar við fórum aftur heim og í næstu heimsókn gat ég talað við ömmu hans Eggerts og sungið fyrir hana áður en hún lést. Það var markmið mitt að geta tjáð mig við hana og ég er mjög fegin að það tókst áður en hún féll frá,“ segir Michelle.

## Sameinuðust í tónlistinni

Eggert og Michelle eru bæði tónlistarmenn og kynntust í gegnum tónlistina.

„Ég var að spila í dúói sem kallast The Lost Dogs. Ég var að ganga í gegnum skilnað á þessum tíma og Michelle einnig. Hún var á þessum tíma að syngja með systur sinni í dúettinum Twice Shy. Ég heyrði fyrst í þeim þar sem þær komu fram á bar og vanalega er mikill kliður í salnum á svona stöðum þar sem fólk er að tala saman, en um leið og þær byrjuðu að syngja þögnuðu allir. Þær sungu eins og englar. Það var magnað að sitja í salnum og hlusta á einhvern syngja af svo mikilli tilfinningu og ástríðu. Ég var gjörsamlega dáleiddur af Michelle.

Ég fór í kjölfarið að starfa með systrunum. Byrjaði á því að hjálpa þeim með tækin sín og slíkt og fékk svo loks tækifæri til að spila með þeim. Nú spilum við hjónin margoft saman og komum fram við hvaða tækifæri sem við fáum. Við komum mikið fram í tengslum við velgerðastarf.“

## Fegurðin býr í fólkinu

Michelle er í hljómsveitinni Melonheads sem hyggur á tónleikahald á Íslandi.

„Við ætlum að koma til Vestfjarða og spila í sumar. Við ætlum að halda velgerðatónleika fyrir Raggagarð 26. júní og Eggert ætlar að spila með okkur. Hljómsveitarmeðlimirnir eru mjög spenntir að koma til Íslands. Þetta ætti líka að vera mjög gaman. Við spilum tónlist sem gaman er að dansa við og vonum að sem flestir komi og skemmti sér með okkur,“ segir Michelle.

„Bogga og Dóri [Súðvíkingarnir Vilborg Arnarsdóttir og Halldór Már Þórisson] voru viðstödd Íslands- og Vestfjarðakynningu sem við héldum í Virginíu í október og kynntust þar Melonheads. Ég held að þau hafi virkilega hjálpað til við að fá hljómsveitarmeðlimina til að taka þá ákvörðun að koma til Íslands, en ég er búinn að vera reyna fá þá til að heimsækja landið í sextán ár. Við byrjum á Vestfjörðum, fyrst heimsækjum við Súðavík en við ætlum einnig að halda tónleika við Látrabjarg og í Reykjavík“, segir Eggert.

„Við dveljum í fimm daga í Súðavík, sem ætti að vera yndislegt. Ég samdi lag með Michelle um Súðavík. Ég segi alltaf að til þess að skilja hvað er svona heillandi við Súðavík verður maður að koma til Súðavíkur og upplifa það sjálfur, það er ekki hægt að lýsa því með orðum. Það er alltaf gott að koma vestur, við hlökkum alltaf til. Ég hef alltaf prédikað yfir fólki að Ísland sé fallegur staður en hin raunverulega fegurð er í fólkinu sem þar býr.“

# Gulrótarsúpa og kanilsnúðar

Sælkeri vikunnar býður upp á ódýra og góða gulrótarsúpu sem hún segir að hægt sé að hafa misjafnlega fína allt eftir tilefninu. Kristín bendir á að líka er tilvalið að margfalda og frysta í hæfilegum skömmtum. Einnig býður hún upp á bulla eða kanilsnúða. „Hérna margborgar sig að fylgja uppskriftinni, þá verða þetta bestu kanilsnúðar í heimi. Ég hef stundum reynt að gera einhver tilbrigði við þessa uppskrift, en það er ekki þess virði, best er að vera nákvæmi kokkurinn í þessu tilfelli.“

**Gulrótarsúpa**

1 laukur fínt skorinn
2 hvítlauksgeirar pressaðir/ smátt saxaðir
1 lítið rautt chilli, fræin tekin úr og chilli-ið saxað smátt (magnið fer eftir smekk, mér finnst gott að hafa súpuna svolítið sterka)
1 tsk rifið engifer (ferskt er betra, annars svolítið minna af duftinu)
½ kg gulrætur skornar niður
1 sæt kartafla skorin í bita
1 lítri kjúklingasoð
safi úr ½ lime
2 msk. sykur
40 ml Thai fiskisósa (má alveg nota minna, eða jafnvel sleppa)
1 dós kókosmjólk
1 dl þeyttur rjómi ef maður vill vera fínn á því (má sko alveg sleppa)

Steikið laukinn í 2-3 mín í olíunni þangað til hann er mjúkur. Setjið hvítlauk, cilli, engifer, gulrætur og sætu kartöfluna og soð út í. Látið suðuna koma upp og svo malla við lágan hita í 20 mín.

Leyfið súpunni að kólna örlítið og maukið hana svo í matvinnsluvél eða blandara. Ef maður vill svo vera extra fínn á því er voða gott að sigta síðan maukið, en maður nennir því nú sjaldnast.

Setjið súpuna aftur í pottinn, bætið lime safanum, sykrinum, fiskisósunni og salti og pipar (ef þarf) út í og hitið varlega upp aftur, bætið að lokum kókosmjólkinni út í.

Ef forsetinn er að koma í mat þá er rjóminn þeyttur og sletta sett út í hverja skál þegar hún er borin fram. Þá er líka gott að raspa smá múskathnetu yfir rjómann.

**Hrikalega klístraðir og góðir bullar (eða kanilsnúðar)**

500 gr. hveiti
2 msk. sykur
7 gr. þurrger (rúmlega ½ bréf)
1 tsk salt
85 gr smjör
2 tsk.kardimommukrydd (fer svolítið eftir smekk)
300 ml volg mjólk

*Fylling:*

70 gr smjör, mjúkt
70 gr sykur
2 tsk kanill
1 egg til þess að pensla með

Hveiti, sykur, þurrger, kardimömmur og salt í skál og blandað vel. Smjörið er mulið vel saman við og gerð hola í miðjuna og mjólkinni hellt út í. Hrærið þetta saman með skeið og hnoðið svo vel, helst í ca. 10 mín.

Látið deigið hefast á heitum stað í 2-3 tíma.

Fletjið deigið frekar varlega út (ca.30x40cm) og smyrjið smjörinu á og stráið svo sykrinum og kanil yfir smjörið (hérna er svoldið atriði að fara eftir uppskriftinni, ekki spara við sig smjörið eða sykurinn, þetta eiga að vera svolítið vel klístraðir snúðar).

Rúllið deiginu upp og skerið í ca. 20 sneiðar, setjið sneiðarnar í muffinsform sem er raðar frekar þétt á bökunarplötuna. Látið hefast undir plastfilmu í 30-40 mín. Hitið ofninn á meðan í 220 gráður.

Ýtið miðjunni aðeins niður á snúðunum með puttanum áður en þeir eru penslaðir með egginu og bakaðir í ca.10 mín, eða þangað til þeir eru gullinbrúnir (það er alls ekki gott að baka þá of lengi).

Það er algjörlega nauðsynlegt að borða þessa gaura volga og drekka ískalda mjólk með.

*Ég skora á Árný Rós Gísladóttur á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blaði.*

## Sælkerinn

**Sælkeri vikunnar er Kristín Dröfn Einarsdóttir á Ísafirði.**

# Tóku bíl traustataki í misgripum

Skipuleggjendur Aldrei fór ég suður stálu óafvitandi bíl við undirbúning hátíðarinnar. Málavextir voru þeir að Kristján Freyr Halldórsson og Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, fengu lánaðan bíl á Ísafjarðarhöfn til að snattast en tóku rangan bíl í misgripum. „Öddi fékk lánaðan bíl hjá Mugga pabba sínum sem sagði að það væri grár bíll með lyklunum í. Við gengum út beint í flasið á gráum bíl með lyklunum í og brunuðum af stað,“ segir Kristján Freyr. Eigandi bílsins hafði þá rétt skroppið inn í erindagjörðum þegar tvímenningana bar að garði.

„Við ferðuðumst út um allan bæ á þessum bíl til að hengja upp plaköt. Muggi hringdi svo í mig og sagði að við yrðum að koma og skila bílnum. Hann spurði líka hvort löggan hafði náð á okkur. Ég hélt að þetta væri eitthvað Muggagrín. Þegar við mættum niður á höfn kom það á daginn að við Öddi höfðum stolið bíl,“ segir Kristján Freyr.

Hann vill koma því á framfæri að þeir félagar kunna eigandanum bestu þakkir fyrir „lánið“ á bílnum. „Við vorum mjög ánægðir með bílinn og það var mjög skemmtilegt mixteip í græjunum. Mig minnir að You´ve lost that loving feeling með Righteous Brothers hafi verið í græjunum.“

**Örn Elías Guðmundsson við bílinn góða. Mynd: Kristján Freyr Halldórsson.**

# Mugison og Reykjavík! með sumarsmell

Mugison og rokkararnir í Reykjavík! hafa tekið upp nýtt lag saman. Það kemur út á sjálfum þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní. Mugison og Reykjavík! drifu sig í Tankinn í Önundarfirði síðastliðinn miðvikudag og hljóðrituðu lagið á einni kvöldstund, að því er fram kemur í Fréttablaðinu. Kemur það út á sumarsafnplötu Kimi Records sem er væntanleg 17. júní.

„Við erum allir að vestan nema söngvarinn [Bóas Hallgrímsson] og förum alltaf vestur á páskum,“ segir Haukur S. Magnússon úr Reykjavík! í samtali við Fréttablaðið. „Við vorum ekki bókaðir á Aldrei fór ég suður í ár. Ákváðum að taka okkur pásu og leyfa öðrum að komast að. En við ákváðum að rífa Bóas með vestur engu að síður og kýla á að taka upp lag,“ segir Haukur og er sannfærður um að þetta verði sumarsmellurinn í ár.

„Ég held að menn hafi ákveðið að selja almennilega út. Textinn er á íslensku um eldgos og gellur og snakk og við stefnum að því að komast á spilunarlista á Bylgjunni. Síðan er spurning hvort það hentar þeirra „formati“.“

Hann lýsir laginu sem popprokklagi með angurværum stuðundirtóni. „Það sver sig í ætt bæði við Veðurguðina og Diktu og kannski Dr. Spock. Þetta er bræðingur af því.“

Þrátt fyrir að Mugison og strákarnir í Reykjavík! séu allir að vestan er nýja lagið það fyrsta sem þeir taka upp saman. Samstarfið gekk það vel að Mugison mun annast upptökustjórn á nokkrum lögum Reykjavík!.

# Að stilla upp sterku liði

Rétt eins og í hópíþróttum þurfum við hjá Norðuráli að skapa sterka liðsheild einstaklinga sem hafa þekkingu, færni og metnað til að ná settum markmiðum. Þessi liðsheild hefur staðið undir væntingum og vaxið með hverju verki. Við erum stolt af árangrinum.

Hjá Norðuráli á Grundartanga starfa nú á sjötta hundrað manns að fjölþættum verkefnum sem skapa trausta atvinnu og mikilvægar gjaldeyristekjur. Framundan er spennandi uppbygging álversins í Helguvík þar sem við treystum á íslenskt hugvit og fólk sem vill sýna hvað í því býr.

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM